

AUGLÝSING

um breytingu á reglum um innkaup og sölu áfengis og skilmálum í viðskiptum við birgja nr. 351/2004.

1. gr.

Töluliður 4.16 orðast svo:

4.16 ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni - www.vinbud.is.

Birgjar geta breytt verði sínu fyrsta dag hvers mánaðar þó annan virkan dag janúar.

Tilkynna skal verðbreytingar skriflega eigi síðar en fimmtánda dag næsta mánaðar á undan verðbreytingardegi.

2. gr.

Reglur þessar öðlist gildi við birtingu.

Reykjavík, 15. desember 2004.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen. Sigurður M. Magnússon. Anna Margrét Jóhannesdóttir.

Með vísan til 10. gr. reglugerðar nr. 369/2003 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 30. desember 2004.

F. h. r.

Maríanna Jónasdóttir.

Elmar Hallgríms.

AUGLÝSING

um breytingu á reglum um innkaup og sölu tóbaks og skilmálum í viðskiptum við birgja nr. 796/2002.

1. gr.

Töluliður 4.13 orðast svo:

4.13 ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni - www.vinbud.is.

Birgjar geta breytt verði sínu fyrsta dag hvers mánaðar þó annan virkan dag janúar.

Tilkynna skal verðbreytingar skriflega eigi síðar en fimmtánda dag næsta mánaðar á undan verðbreytingardegi.

2. gr.

Reglur þessar öðlist gildi við birtingu.

Reykjavík, 15. desember 2004.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen. Sigurður M. Magnússon. Anna Margrét Jóhannesdóttir.